

Ed.

966. Breytingartillögur

[130. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á eftir 6. gr. frumvarpsins komi ný grein er orðist svo (röð annarra greina breytist samkvæmt því):
Við 42. gr. laganna bætist ný málsgrein, 5. mgr., en núverandi 5., 6., 7. og 8. mgr. verði 6., 7., 8. og 9. mgr. Málsgreinin orðist svo:
Í stað þess að skrá skýrslur, dóma og úrskurði í framangreindar bækur er heimilt að skrá hið sama í tölvur, prenta síðan og binda í bækur. Við tölvuskráninguna er heimilt að nota atriðisorð er dómsmálaráðherra ákveður. Sáttir og bókanir, sem hafa að geyma skuldbindingar samkvæmt borgaralegum lögum, skulu þó færðar til bókar og undirritaðar með þeim hætti sem verið hefur.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
 1. mgr. 43. gr. orðist svo:
Skjöl öll, sem fram eru lögð í dómi, skulu vera í frumriti séu þau tiltæk. Þau skal merkja í áframhaldandi töluröð og votta á þau um framlagninguna. Ætíð skal leggja fram eitt endurrit af hverju skjali, en dómari getur krafist aðila um fleiri endurrit sé þörf á. Skjölín eru eign dómstólsins en lána má þau aðilum með samþykki þess aðila sem þau lagði fram. Aðili máls skal ætíð afhenda öðrum aðilum málsins endurrit af þeim skjölum sem hann leggur fram. Dómari skal, eftir að dómur hefur verið kveðinn upp í máli, fá aðila frumrit af þeim málsskjölum, sem hann hefur lagt fram, gegn því að staðfest endurrit fylgi málsskjölunum ef aðili þarf frumritsins til sönnunar rétti sínum annars staðar. Þegar Þjóðskjalasafn hefur fengið málsskjöl til varðveislu hefur þjóðskjalavörður sömu heimildir og dómari til að afhenda málsskjöl.
3. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
Við 175. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Að kröfu aðila má dæma að málskostnaður úr hendi gagnaðila hans skuli frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags bera sömu vexti og gjaldfallnar peningakröfur samkvæmt vaxtalögum.
4. Við 22. gr. 2. efnismgr. orðist svo:
Úrskurðir skulu vera skriflegir og má skrá þá í þing- eða dómabók. Þar skal greina niðurstöðu í ályktunarorði og má hún vera án forsendna. Nú er úrskurður héraðsdómara kærður til Hæstaréttar og skulu þá forsendur og rökstuddar ástæður dómara fyrir úrlausninni fylgja skjölum málsins til Hæstaréttar hafi úrskurðurinn verið kveðinn upp án forsendna.
5. Við 25. gr.
 - a. Fyrsti staflíður 2. mgr. b-liðar (223. gr.) orðist svo: Nöfn aðila, kennitölu og heimili eða dvalarstað.
 - b. 3. mgr. k-liðar (232. gr.) falli brott.